

# Íslandsmót einstaklinga 2011

Íslandsmót einstaklinga 2011 verður haldið dagana 12. mars - 15. mars 2011 í Keiluhöllinni.

## **Olíuburður.**

**Langur. 2008 WTBA World Men's Championships (1843), WTBA - Neil Stremmel. (43 fet)**

**Stuttur. 2008 WTBA World Men's Championships (2034), WTBA/Neil Stremmel (34 fet)**

## **Forkeppni helgina 12.-13. mars .**

Spilaðir eru 12 leikir í tveimur 6 leikja blokkum. Leikið er kl. 9:00 laugardag og sunnudag. Verð í forkeppni kr. 9000.

16 efstu karlarnir og 12 efstu konurnar halda áfram í milliriðil.

## **Milliriðill mánudaginn 14. mars, kl. 19:00**

Spilaðir eru 6 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 3900.-

## **Undanúrslit þriðjudaginn 15. mars, kl. 19:00**

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 4.500 karlar og 3.500 konur.

## **Úrslit þriðjudaginn 15. mars – strax að loknum undanúrslitum:**

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3. stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga og keppnisrétt á Evrópumóti landsmeistara (ECC).

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer aðeins fram á [kli.is](http://kli.is). Skráningu lýkur fimmtudaginn 10. mars klukkan 22:00.

Posi verður á staðnum eins er hægt að greiða þáttökugjöld inn á reikning KLÍ áður en mót hefst. Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir. Mótanefnd KLÍ